

opnum skipum á hana, hverju á móti öðru, heldur skal beðið eptir því skipinu, 49  
sem á »Leiðina« er lagt; en það skipið hefir forgangsrjett, er af sjó kemur. 29. apríl

## 4. gr.

Sýslunefndin í Vestmannaeyjasýslu kýs ár hvert 3 sjómenn í nefnd til þess að gæta þess, að fyrir mælum samþykktar þessarar sje fylgt. Enginn, sem stundar fiskiveiðar í sýslunni, getur skorazt undan kosningu. Ber gæzlumönnum að kæra fyrir lögreglustjóra brot gegn samþykktinni, þegar er þeim verður kunnugt um þau.

## 5. gr.

Brot gegn samþykkt þessari varða sektum frá 5—50 króna, er renna að helmingi í sveitarsjóð, en hinn helmingurinn tilfelltur þeim, er brotinu kemur upp.

\*

\*

\*

Samþykkt þessi er hjer með staðfest af undirskrifuðum amtmanni til þess að öðlast gildi 1. ágúst 1901, og kunngjörð öllum hlutaðeigendum til eftirbreytni.

Íslands Suðuramt, Reykjavík 29. apríl 1901.

*J. Havsteen.*

## Ferjulög

fyrir

Arnessýslu.

## 1. gr.

Ferjur eru annaðhvort frjálsar eða lögferjur.

## 2. gr.

Frjálsa ferju má hver sá taka upp, sem býr við ferjustað, ef þar er eigi lögferja. Þó má sýslunefnd banna slíka ferju, ef til hennar er notaður sá bátur, er lífsháski getur af hlotizt. Að öðru leyti eru viðskipti slíks ferjumanns og ferðamanna komin undir frjálsum samningi.

## 3. gr.

Sýslunefnd ákveður lögferjur.

## 4. gr.

Abúendur jarða þeirra, er að ferjustað liggja, eru skyldir til að halda lögferjur samkvæmt fyrir mælum sýslunefndar. Hafa þeir ábyrgð á, að ferjan sje stunduð svo, sem fyrir er mælt í lögum þessum.

## 5. gr.

Nú er fleirbýli á jörð við ferjustað og halda abúendur þá ferjuna í samfjelagi, eptir því sem þeir verða ásáttir. Þó skal einn þeirra jafnan hafa forstöðu fyrir ferjunni, og netnist sá ferjubóndi. Hann ber aðalábyrgð ferjuhaldsins, en hinir eru skyldir að hlýða honum. Sýslunefnd nefnir ferjubónða.

## 50

17. maí

Nú verða sambýlismenn eigi ásáttir um ferjuhaldið og sker sýslunefnd úr þeim ágreiningi. Getur hún gjört hvort hún vill: fengið einum ferjuna að öllu eða látið þá halda hana í samfjelagi og sett þeim reglur þar að lútandi, sem þeir eru skyldir að hlýða.

## 7. gr.

Nú er einum fengin ferjan; hafa sambýlismenn þá frjálsan flutning ókeypis, að því er þeir sjálfir þurfa, en ábyrgist skip fyrir skemmdum, meðan þeir nota það. Heimilt er og hverjum þeirra, sem vill, að eiga bát til eigin þarfa, og flytja mega þeir ferðamenn, þó svo að þeir gjöri það ókeypis. Sama regla gildir og um þá, sem búa hinu megin ár. En eigi öðlast maður þennan rjett, þó hann haldi part úr jörð við ferjustað, ef hann býr annarsstaðar.

## 8. gr.

Ferjubóndi skal sjá um, að jafnan sjeu til taks skip, svo mörg og stór, sem þörf er á, til að fullnægja flutningsþörfinni, og svo sterk og þjett, að hættulaust og hrakningalaust sje að nota þau. Einnig skal hann sjá um, að þar sje jafnan til taks að minnsta kosti einn maður, sem fær er um að gegna þeim störfum, sem með þarf við ferjuna, en fleiri, ef nauðsyn ber til. Þeir menn nefnast ferjumenn.

## 9. gr.

Þá er ferðamenn koma til ferjustaðar, skulu þeir gjöra vart við sig á þeim stað, sem ferjubóndi hefir tiltekið og auðkennt með því að setja upp glögg merki, stiku eða vörðu. Skal þá ferjubóndi sjá um, að þeir verði fluttir yfir um svo fljótt, sem unnt er. Bíði ferðamenn lengur en  $\frac{1}{2}$  klukkustund án þess þeim sje gaumur gefinn, eiga þeir heimting á ókeypis flutningi, og bíði þeir tjón af drættinum, geta þeir sótt ferjubónða til skaðabóta eptir atvikum.

## 10. gr.

Sú regla gildir um flutningsskyldu, að sól skal ráða að sumri, en dagur á vetri; þó skal einnig skylt að flytja mann á nóttu, ef hann vitjar lækni, yfirsetukonu eða prests í bráðri nauðsyn.

## 11. gr.

Nú spillast eða missast skip og er ferjubónða eigi um að kenna, varðar honum þá eigi við lög, þótt tjón verði af vöntun skips, meðan eigi er unnt úr henni að bæta, en skyldur skal hann að gjöra það svo fljótt, sem framast má.

## 12. gr.

Taki ferðamenn skip í leyfisleysi og flytji sig og varnað sinn án þess að hafa gjört vart við sig áður, borgi þeir tvöfaldan ferjutoll og bæti tjón, er af kann að hljótast. En hafi ferðamaður gjört vart við sig, en ferjumaður eigi komið innan  $\frac{1}{2}$  stundar, fellur ferjutollur burtu, en sá, er skip tekur, bætir spjöll, ef á verða í meðferð hans.

## 13. gr.

Það skal vera aðalregla, að sá á fyrstur ferju, sem fyrstur kemur að

henni. Þá menn, sem í nauðsyn vitja læknis, yfirsetukonu eða prests, skal samt tafarlaust flytja, þó aðrir sjeu komnir að ferju á undan þeim. 50 17. maí

## 14. gr.

Ferðamenn bera sjálfir föng sín á skip, en ferjumaður tekur á móti og raðar. Hann skal ráða hleðslu og ábyrgist, að eigi verði tjón af ofhleðslu. — Skyldur er hann að róa, ef ferðamenn óska. Við affermingu rjettir hann ferðamönnum föng þeirra, en þeir bera af skipi.

## 15. gr.

Sauðtjenað og nautgripi skal skipleggja, nema ferðamenn kjósi annað, og hesta skal og skylt að skipleggja, ef ferðamenn óska. Skal ferjubónða skylt að hafa jafnan til taks skip, er flytja megi stórgripi á, nema sýslunefnd veiti undanþágu frá því. Þá er hestar synda yfir, ráða ferðamenn, hvort þeir eru reknir eða hafðir með skipi, en ferjumaður ræður, hve margir eru hafðir í einu og segir fyrir um taumhald á þeim. Nú losnar hross og snýr frá skipi, og skal þá eigi aptur snúa, ef fleiri hestar eru með skipinu. En vitja skal þess þegar aptur án sjerstaks endurgjalds.

## 16. gr.

Engan er skylt að flytja, fyr en ferjutollur er borgaður. Samt má eigi synja þeim flutnings, er læknis vitjar, yfirsetukonu eða prests í nauðsyn, þó eigi hafi borgun til reiðu í svipinn, enda sje hún greidd sem fyrst á eptir.

## 17. gr.

Ferjutoll skal greiða í peningum eða vörum þeim, sem í verðlagsskrá eru settar, nema menn verði á annað sáttir.

## 18. gr.

Þá er flutt er á nóttu í nauðsyn, fer um ferjutoll eptir samkomulagi. Verði ágreiningur um upphæðina, ber að álíta ferjutollinn hálfu hærri á nóttu en á degi.

## 19. gr.

Upphæð ferjutolla skal vera sú, er nú skal greina:

Fyrir lausgangandi mann, ef einn er . . . . .	kr. 0,25
fyrir hvorn, ef tveir eru . . . . .	— 0,20
fyrir hvern, ef fleiri eru . . . . .	— 0,15
Fyrir lausriðandi mann einan, ef hestur er eigi hafður með skipi . . . . .	— 0,25
ef fleiri eru, fyrir hvern . . . . .	— 0,20
Fyrir lausan hest, sem á eptir er hafður . . . . .	— 0,05
Fyrir klyfjar af hesti . . . . .	— 0,25
fyrir klyfjar af hesti, ef fleiri eru . . . . .	— 0,20
Fyrir hest, sem skiplagður er . . . . .	— 1,25
Fyrir kú eða naut . . . . .	— 1,00
Fyrir ungneyti, veturgamalt . . . . .	— 0,50
Fyrir kálf eða folald . . . . .	— 0,25
Fyrir sauðkind, veturgamla eða eldri . . . . .	— 0,08
Fyrir lamb . . . . .	— 0,05

**50** Ferðamaður, sem farangur hefir eða skepnur að flytja, borgar ekkert fyrir sjálfan sig eða þá menn, sem hann hefir í ferðinni með sjer, ef ferjutollur fyrir farangur eða skepnur nemur að minnsta kosti 25 aur.

20. gr.

Nú er ferjustaður svo illur eða umferð svo litil á einhverjum ferjustað, að ferjubóndinn hefir halla af að halda ferjuna, getur hann lagt það mál fyrir sýslunefnd, og sannað hallann fyrir henni með sundurliðuðum reikningi yfir tekjur og gjöld ferjunnar yfir 3 árin síðustu, og fylgi honum dagbók yfir flutning og ferjutolla þau ár. Getur þá sýslunefndin, ef henni finnst ástæða til, hækkað ferjutollinn á þeim ferjustað, svo mikið sem til þess þarf, að hallinn hverfi eða verði ótilfinnanlegur.

21. gr.

Ferjumenn og ferðamenn skulu sýna hver öðrum kurteisi og nærgætni og gera hvorir öðrum flutningsstarfið sem hægast og greiðast. Vel og gætilega skulu ferðamenn meðhöndla öll flutninga áhöld, og ferjumenn sömuleiðis flutning ferðamanna og bæta að fullu tjón það, er gáleysi og hirðuleysi þeirra kann að valda.

22. gr.

Á vori og hausti ár hvert skal hreppstjóri skoða ferjubáta í hreppi sínum og kynna sjer, hvornig lögferjur eru stundaðar. Gefur hann sýslunefndinni skýrslu um ástand hvernar ferju fyrir næstu árslok. Sje ferjan illa hirt eða illa stunduð, skal hann þegar kæra málið fyrir oddvita sýslunefndar.

23. gr.

Brot á móti	9. og 12. gr.	varða	5—50 kr.	sekt
— - —	10. gr.	—	2—20	— —
— - —	21. —	—	1—10	— —
— - —	22. —	—	5—20	— —

Upphæð sektar ákveðist hvert sinn eptir atvikum, en tvöfaldast ef brotið er itrekað; sektir allar eptir lögum þessum renna í fátækra sjóð þess hrepps, þar sem ferjumaður býr.

24.

Mál þau, er rísa af brotum gegn lögum þessum, skal fara með sem opinber lögreglumál.

25. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi namin lög um ferjurnar í Árness- og Rangárvallasýslum 29. nóv. 1855, að því leyti, er Árnessýslu snertir.

\*

\*

\*

Framanrituð, ferjulög, sem sýslunefndin í Árnessýslu hefur samið og samþykkt, eru hjer með staðfest af undirskrifuðum amtmanni samkvæmt kgsbr. 29. apríl 1776, 6. gr., til þess að öðlast gildi 1. júlí 1901, og kunngjörð öllum hlutaðeigendum til eptirbreytni.

Suðuramtíð, Reykjavík 17. maí 1901.

*J. Havsteen.*